

2005 nr. 62 20. maí**[Lög um Neytendastofu]¹⁾**¹⁾ L. 125/2013, 4. gr.

Tóku gildi 1. júlí 2005, nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 25. maí 2005. Breytt með: L. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). L. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007). L. 29/2009 (tóku gildi 2. apríl 2009). L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 125/2013 (tóku gildi 31. des. 2013). L. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Neytendastofa er ríkisstofnun sem starfa skal að stjórn-sýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberra markaðsgæslu [og mælifræði]¹⁾ svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Neytendastofa heyrir undir [ráðherra].²⁾

¹⁾ L. 39/2014, 11. gr. ²⁾ L. 126/2011, 405. gr.**■ 2. gr.**

□ Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. . . .¹⁾ . . .²⁾ Einnig skal stofnunin hafa yfirumsjón með lögmaelifræði og hagnýtri mælifræði og sjá um framkvæmd laga um [mælingar, mæligrunna og vigtarmenn].³⁾ Þá skal Neytendastofa leysa af hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum.

□ [Neytendastofa skal stuðla að fræðslu til almennings um neytendamál og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögum eða reglugerðum. Neytendastofa skal skila ráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal birta opinberlega.]¹⁾

¹⁾ L. 125/2013, 1. gr. ²⁾ L. 39/2014, 12. gr. ³⁾ L. 34/2007, 12. gr.**■ 3. gr.**

□ Ráðherra skipar forstjóra Neytendastofu til fimm ára í senn.

□ [Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Neytendastofu og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á að starfsemi og rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.]¹⁾

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi Neytendastofu.

¹⁾ L. 125/2013, 2. gr.**■ 4. gr.**

□ Ráðherra skipar áfrýjunarnefnd neytendamála, sem í sitja þrír menn og jafnmargir til vara, til fjögurra ára í senn. Skulu formaður nefndarinnar og varamaður hans fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

□ Til áfrýjunarnefndar neytendamála má skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru samkvæmt eftirtöldum lögum:

a. lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins,

b. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og

c. öðrum lögum á málefnasviði Neytendastofu sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.

□ Skrifleg kæra skal berast áfrýjunarnefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun skv. 2. mgr. Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

□ Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórn-sýslunnar og eru aðfararhæfir.

■ 5.–11. gr. . . .¹⁾¹⁾ L. 125/2013, 3. gr.**■ 12. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. . . .

□ . . .

■ 13. gr.

□ . . .

■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Löggildingarstofu boðið annað starf hjá Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

□ Við samþykkt laga þessara skipar [ráðherra]¹⁾ tveggja manna undirbúningsnefnd sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar, eftir því sem við á, annað starf hjá Neytendastofu.

¹⁾ L. 98/2009, 58. gr.